

Mál nr. 272/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist er taska féll á hann við færiband er unnið var við að afferma flugvél.****Gögn.**

Málskot, móttekið 15.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 31.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 6:45 að morgni 29. ágúst 2019 var M að störfum við að fjarlægja töskur úr flugvél á vegum vinnuveitanda síns, A. Segir í málskoti að við verkið hafi hann unnið við færiband og hafi hann sett klossa (bremsu) á færibandið til að stöðva það. Þrátt fyrir það hafi taska, um 25 kg að þyngd, fallið úr 2 m hæð á herðablöð hans með þeim afleiðingum að hann hafi orðið fyrir meiðslum. Hann hafi leitað til læknis sama dag þar sem hann hafi verið greindur með hálstögnun og ráðlagt að taka sér nokkurra daga frí frá vinnu.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, sem er dags. 20. febrúar 2020 og undirrituð af M, er frá því greint á ensku að hann hafi verið að taka töskur úr flugvél og hafi hann staðið undir tilteknum dyrum til að setja setja bremsuklossa („brake chokes“) á færibandið. Maður fyrir ofan hann sem var að taka töskurnar hafi fyrir slysi („accidentally“) misst gripið á handfangi 15-20 kg þungri tösku og misst hana úr 8-9 feta hæð á höfuð hans.

Eftir atvikið mun M hafa haldið áfram störfum en stimplað sig út af vinnustaðnum kl. 9:06 að lokinni afgreiðslu flugvéla þá um morguninn. Síðar um morguninn mun M hafa leitað til læknis.

M kveður færibandið hafa verið vanbúið þar sem það hélt áfram að ganga eftir að M hafði stöðvað það með bremsuklossanum. Hafi vanbúnaðurinn farið í bága við 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum, svo og 5. gr. reglugerðar 367/2006 um notkun tækja og gr. 2.3 í 1. viðauka við reglugerðina. Enn fremur hafi verkstjórn og leiðbeiningar verkstjóra verið ófullnægjandi þar sem ekki hafi verið tryggt að þungar töskur gætu ekki fallið á starfsmenn við störf þeirra. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulausrar tafar eins og A hafi verið skylt að gera, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, en M kveðst hafa látið vinnuveitanda sinn vita strax af slysinu.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tilkynning A til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 29. ágúst 2019, um að M hafi þann sama dag orðið fyrir slysi sem hafi gerst með þeim hætti að hann hafi verið búinn setja klossa á færibandið þegar taska hafi dottið á herðablöð hans. Tilkynning þessi mun hafa verið móttekin hjá Vinnueftirlitinu degi síðar, eða 30. ágúst 2019. Af þeim sökum hafi eftirlitið ekki talið tilefni til að rannsaka slysið sérstaklega. Af hálfu A er því haldið fram að í fyrstu hafi ekki varið talið að meiðsl M hafi verið alvarleg þar sem hann hafi lokið vakt að morgni slysdags og leitað læknis síðar. Slysið hafi hins vegar verið tilkynnt Vinnueftirlitinu jafnskjótt og starfsmenn fyrirtækisins fengu vitneskju um að M yrði óvinnufær í meira en einn dag af völdum þess. Engin haldbær gögn liggja fyrir sem sýna fram á að lagaskylda A til að tilkynna um slysið hafi stofnast fyrr en það var gert.

Ekki verður horft fram hjá því sem fram kemur í tilkynningu M til Sjúkratrygginganna að samstarfsmaður hans hafi fyrir slysi eða óheppni ekki náð taki á handfangi á tösku með þeim afleiðingum að taskan féll ofan á hann. Engin skýrsla liggur fyrir í málinu af téðum samstarfsmanni M hvernig það atvikaðist að hann náði ekki taki á töskunni. Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið að það hafi verið vegna saknæmrar háttsemi að samstarfsmaðurinn missti takið á töskunni. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að taskan hafi fallið ofan á M vegna bilunar eða galla í færibandinu, ónógra leiðbeininga, fræðslu eða ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu A. Að öllu virtu verður ekki talið að slysið megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. Samkvæmt því á hann ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.